Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2169
komudagur 8.5. 2012

# Athugasemd um Rammaáætlun

Guðbjartur [barti@simnet.is]

**Sent:** 8. maí 2012 23:40

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Ég, Guðbjartur Guðbjartsson 1605602909, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.
Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Guðbjartur Guðbjartsson